

Skýrsla Húsnæðisnefndar

Húsnæðisnefnd, starfsárið 2018



Össur Imsland (oimsland<hja>gmail.com), formaður - 8661866
Páll Gestsson (pall.gestsson<hja>gmail.com), umsjón Nauthólsvík - 6641807
Gunnar Ingi Gunnarsson (gunnar.ingi<hja>mosverjar.is) - 8993055
Einar Sveinn Magnússon (esm<hja>pfaff.is) - 6598196
Sigurjón Magnússon (sigurjonmagnusson<hja>gmail.com) - 8599678
Þóra Atladóttir, (thoraalt<hja>hotmail.com) - búnaðarstjóri - 6590099
Þorsteinn Guðmundsson, (kayak<hja>islandia.is) - 8639107
Kristinn Einarsson, (kiddieinars<hja>gmail.com) - 696-2766
Smári Ragnarsson, (smarir58<hja>gmail.com) - 891-9002

Hlutverk nefndarinnar er að reka fasteignir og aðra aðstöðu Kayakklúbbsins og vinna í málum er tengjast framtíðaraðstöðu klúbbsins. Klúbburinn hefur aðstöðu á þremur stöðum. Í sundlauginni í Laugardal, í Nauthólsvík og á Eiðinu við Geldinganes.


Í **sundlauginni í Laugardalnum** höfum við fengið að geyma báta í kjallara innilaugarinnar. Þetta eru mest straumvatnsbátar sem eru notaðir við æfingar og kennslu í innilauginni. Þessa aðstöðu fáum við án endurgjalds. Engar breytingar hafa verið á þessu á síðastu árum.

Í **Nauthólsvík** leigjum við aðstöðu af Siglingaklúbbnum Brokey. Þar eru pláss fyrir ca. 35 báta ásamt aðgengi að búningsklefum og sturtum. Leigan sem við borgum þar er nokkurn veginn á pari við þau geymslugjöld sem innheimtast þannig að þau standa nánast undir leigukostnaði. Þessi pláss eru oftast full nýtt í Nauthólsvík. Páll Gestsson hefur séð um aðstöðuna í Nauthólsvík. Heyrst hafa raddir um það að Siglingaklúbburinn hafi hug á að nýta sjálfir það pláss sem við höfum haft hjá þeim á leigu. Þessar raddir hafa verið á kreiki í nokkur ár en við gætum alteins átt von á því að vera úthýst þaðan.

Höfuðstöðvar Kayakklúbbsins eru á Eiðinu við Geldinganes.

Aðstaðan samanstendur í dag af 15 gáma-einingum, 4x20 feta einangruðum aðstöðu gámum, kaffigám, sturtu- og búnaðargám, kvennaklefa, og karlarlaklefa, 9x20 feta kayakgeymslugámum, og 2x40 feta kayakgeymslugámum. Kayak-geymslugámarnir reiknast til að hýsa max. 11x20 sjókayakbáta eða alls 220 sjókayakbáta. Auk þessa eru félagsbátar í helming annars 40 feta gámsins og sit on top bátar í helming hins 40 feta gámsins og eru þeir settir eru í hliðarpláss sitt hvoru megin með gönguleið á milli.

Útreikningar þessir miðast við að 4 bátar séu í röð í hverjum gám og 5 raðir á hæðina eða alls 20 sjókayakbátar í gám. Þar sem sit on top bátar eru nást einungis 3 bátar í röð per hæð og þeir allra breiðustu taka það mikið til sín að raða verður tveim SOT bátum með einum sjókajak til að ná 3 bátum per röð. Ef gámur er fylltur á þann veg nást einungis 15 bátar per gám. Reynt hefur verið að hliðra til eftir fremsta megni í öðrum 40 feta gámum þannig að sit on top bátarnir séu að mestu þar.



Teikning af aðstöðunni 2019 (15 gámar)

Staða geymsluplássa á Geldinganesi

Staðan er þannig núna í janúar 2019 við eigum ca. 15 pláss laus og engir á biðlista eftir sjókayakplássi. Nokkrir aðilar eru á biðlista eftir SOT plássi. Bætt var við tveim gámum sem hefur lagað biðlista sjókayaka. Einum gám var bætt við í des 2017 og öðrum í apríl 2018.

Endurröðum í gámana á Geldinganesi var svo framkvæmd 23. maí. Þá var farið í það sem hafði oft verið rætt meðal félagsmanna að endurraða í gámana þannig að virkir félagar fengju „bestu plássin“ í gám 1 og 2 eða um 40 pláss.

Notast var við eftirfarandi kerfi.

Virkir félagar voru þeir 40 félagar sem róð höfðu oftast á árinu 2017 samkvæmt excelskjali Sveins Axels. Þessi 40 aðilar fengu að velja sér pláss í gámum 1 og 2 sem teljast til bestu gámana okkar, styðst frá pallinum. Sá sem réri oftast fékk að velja fyrst og svo koll af kolli, þangað til allir 40 höfðu valið. Sé fyrir mér að við gerum þetta annað hvert ár, eða aftur á 2020.


Búnaður klúbbsins

Búnaður klúbbsins var mikið til endurnýjaður 2014 og er í ágætu standi. Klúbburinn á fimm Valley Aquanaut Club báta, fjóra rauða og einn gulan, einn rauðan Romany (RM), einn rauðan Point 65 Five O Five og einn rauðan tveggjanna Prijon Excursion. Auk þessa eru til þrjú Surfskíði, eitt eldra, og tvö nýleg Epic, eitt Epic V10 sport og Eitt Epic V12 ásamt vængárum. Fatnaður klúbbsins var endurnýjaður mikið árið 2014, s.s blautbúningar, toppar, vesti og svuntur þannig að klúbburinn er nokkuð vel græjaður til að taka á móti nýliðum og aðstoða menn við að komast af stað í sportinu, hvort heldur sem er á sjókayaka eða á surfskíði. Félagsmenn hafa verið duglegir við að passa upp á búnað klúbbsins og póstað á korkinn ef eitthvað hverfur og er það mjög vel.

Umngengi um eignar okkar

Á heimasíðunni okkar undir flípanum Aðstaðan má finna ýmsar leiðbeiningar, þar má nefna leiðbeiningar um lykla að aðgengismál á Geldinganesi, umngengisreglur aðstöðu og búnaður klúbbsins og að lokum reglur bátageymslna Kaykkaklúbbsins í Geldinganesi, en þær tóku gildi frá og með 1. maí 2016. Ágætis lesning annað slagið til að minna okkur á eitt og annað varðandi umngengi um eignar okkar.

Umhverfið og snyrtimennskan í fyrirrúmi



Vinnudagurinn var frábær og er algjörlega nauðsynlegur til að koma aðstöðunni í stand fyrir komandi sumarvertíð. Miklu komið í verk þennan dag sem endranær sem var þann 28 apríl þetta árið. Það er algjörlega ótrúlegt hvað er hægt að koma miklu í verk á þessum ca. 5 tímum sem við erum að. Í þetta skiptið voru t.d. gámar ryðhreinsaðir og blettmálaðir, rusl á nærsvæði við gáma tínt, yfirfarnir lásar, hurðir liðkaðar og smurðar og aðstaðan smúluð út og þriffin hátt og látt. Í þetta skiptið var það Sveinn Axel sem grillaði ofan í liðið og verð ég að segja að hann gaf Inga sko ekkert efir í þeim málum. Greinilegt að þarna var vanur maður á ferð.


Nokkrar myndir frá vinnudegi



Framtíðarstaðsetning klúbbsins:



Núverandi gámabyggð á loftmynd



Hugmynd af höfuðstöðvum klúbbsins, staðsetning á svipuðum stað og núverandi gámabyggð

Lítið hefur verið unnið í framtíðarmálum húsnæðis Kayakklúbbsins. Hvar við fáum að vera í framtíðinni er óljóst og margir þættir sem spila inn í þá ákvörðun. Meðan stjórn klúbbsins tekur ekki ákvörðun um annað vinnur húsnæðisnefnd með það að markmiði að við fáum framtíðar byggingarleyfi fyrir höfuðstöðum Kayakklúbbsins á Eiðinu við Geldingarnes. Hins vegar er ljóst að ýmislegt er að breytast á svæðinu í komandi framtíð og má þar nefna lðnaðarsvæðið fyrir efnisvinnslu við Álfsnesvík-(Björgun), lega Sundabrautar o.fl í þeim dúr hefur áhrif á það hvort Eiðið er örugglega hinn eini sanni staður sem við viljum vera á í komandi framtíð.

Sótt var um byggingarleyfi í desember 2013 og vorum við með því með leyfi fyrir aðstöðuna okkar til 17. desember 2014. Ekki er hægt að hálfu borgaryfirvalda að veita varanlegt byggingarleyfi á lóð sem ekki er til. Þess vegna er einungis veitt stöðuleyfi sem gildir í eitt ár í senn. Reglur kveða á um að endurnýja skuli stöðuleyfið á hverju ári. Reiknað er með að endurnýja stöðuleyfið á þessu ári með nýrri umsókn.

Fyrir hönd húsnæðisnefndar, janúar 2019, Össur Imsland.


Til fróðleiks um skipulagsmál sem á enn við fyrir þá sem hafa gaman af þeim málum.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030,


Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030 var samþykkt í borgarstjórn hinn 26. nóvember 2013. Hægt er að skoða bæði skipulagið í heild og einnig einstaka kafla sem gæti verið auðveldara þar sem um nokkuð þung skjöl er að ræða. Sjá nánar <http://reykjavik.is/thjonusta/adalskipulag-reykjavikur>

Hér má sjá staðsetningu Sundabrautar og hvað áhrif hún gæti haft á róðarsvæðið okkar.

Þéttbýlisuppráttur Grafarvogur - borgarhluti 8




Hluti af sveitarfélagsupprætti



Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi vegna reit fyrir efnisvinnslusvæði Björgunar í Álfsnesi

1. Við Álfsnesvík er afmarkaður um 15,5 ha reitur fyrir iðnaðarsvæðið **I6 Efnisvinnslusvæði í Álfsnesi.**
2. Stofnstígur í nágrenni strandarinnar er færður upp fyrir iðnaðarsvæðið.



4. mynd. Uppdráttur fyrir breytingu til vinstri og afmörkun I6 á upprætti eftir breytingu til hægri í mælikvarða